

Nd.

43. Tillaga

til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Flm.: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson, Þorleifur Jónsson,
Lárus Helgason, Hákon Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora alvarlega á ríkisstjórnina að gera allt hvað í hennar valdi stendur til þess, að Landsbanki Íslands lækki forvexti hið allra bráðasta.

Greinargerð.

Samskonar þál. samþykkti hv. deild með þorra atkv. á síðasta þingi. Nú eru öll sömu rök fyrir hendi, miklum mun ríkari, og auk þess fjárkreppa yfir os^s gengin. Önnur ráðstöfun, öllum landslýð til bóta, verður vart gerð, og þó engum til afdráttar. Nánara í framsögu.